

Fimmtudaginn 20. febrúar 1992.

Nr. 32/1992. **Ákærvaldið**

gegn

Jóhanni Ragnari Sigurðssyni,

Rúnari Ingva Eiríkssyni,

Sveinbirni Sverrissyni og

Petru Sigríði Gunnarsdóttur.

Kærumál. Bótakrafa í opinberu máli. Frávísun staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari hefur með heimild í 3. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið til Hæstaréttar með kæru frávísun á skaðabótakröfum í dómi sakadóms Akureyrar 12. nóvember 1991. Kæran barst Hæstarétti 22. janúar 1992, en gögn málsins 4. febrúar.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að frávísun á skaðabótakröfum í dóminum verði úr gildi felld og héraðsdómara dæmt skylt að taka framkomnar skaðabótakröfur til dómsmeðferðar og kveða upp efnisdóm um þær samkvæmt ákærum, út gefnum 12. apríl, 6. maí, 18. og 20. júní, 5. júlí og 9. ágúst 1991.

Kæran var kynnt varnaraðilum í þinghaldi í sakadómi Akureyrar 29. janúar sl., og kváðust þeir hvorki gera kröfur né athugasemdir vegna kærunnar.

Héraðsdómari byggir frávísun skaðabótakrafna á því, að skýring á þeim þyki vera til verulegs óhagræðis í málinu, og vísar til 145. gr. laga nr. 74/1974. Hið tilvitnaða ákvæði er svohljóðandi, sbr. 29. gr. laga nr. 107/1976:

„Nú kemur það í ljós í rannsókn opinbers máls, að þriðji maður hefur beðið tjón af háttsemi þeirri, sem sökunautur er borinn, og skal þá lögreglumaður sá eða dómari, sem rannsókn málsins annast, þegar er efni standa til, benda þriðja manni á það, að hann eigi þess kost að koma bótakröfu sinni að í væntanlegu refsímáli og að þar megi dæma hana, ef hún verði nægilega skýrð án verulegra tafa eða óhagræðis í því máli. Ef aðili eða umboðsmaður hans gerir slíka kröfu nægilega ákveðið og nægilega snemma, enda leiðbeini

dómari í því efni eftir þörfum, þá skal dómari leita sannana um hana, þar á meðal með matsgerð, eða skoðunar fyrir dómtöku, ef því er að skipta. Bera skal slíka kröfu undir ákærða, enda er sækjanda og verjanda skylt að gera athugasemdir um hana, ef ákærði hefur ekki samþykkt hana, eftir því sem ástæður verða til.“

Í máli þessu gengust varnaraðilar við brotum sínum. Í því var lagður fram fjöldi skaðabótakrafna frá ýmsum aðilum. Fyrir dómi lýstu varnaraðilar yfir samþykki við flestum kröfunum, a.m.k. að meginefni til. Verður ekki séð, að umfjöllun krafnanna hefði leitt til óhæfilegrar tafar á meðferð málsins, og ekki var látið á það reyna, hvort einhverjum þeirra þyrfti að vísa frá vegna vanreifunar samkvæmt 3. mgr. 146. gr. laga nr. 74/1974. Telja verður þannig, að ástæður héraðsdómara til frávísunar á grundvelli 145. gr. laganna hafi ekki verið nægilegar.

Kveðinn hefur verið upp dómur í héraði yfir varnaraðilum, og hafa tveir þeirra óskað áfrýjunar. Niðurstaða héraðsdóms um frávísun skaðabótakrafna sætir ekki endurskoðun í áfrýjunarmálinu, sbr. 147. gr. laga nr. 74/1974.

Ekki er unnt að ómerkja héraðsdóminn í heild fyrir þá sök, að dómari tók ekki efnislega afstöðu til skaðabótakrafna. Þá þykir ekki fært að fella úr gildi frávísunarþátt málsins og leggja fyrir héraðsdómara að taka þann þátt til efnismeðferðar. Verður því við niðurstöðu hans að sitja.

D ó m s o r ð:

Krafa ríkissaksóknara í kærumáli þessu er ekki tekin til greina.

Dómur sakadóms Akureyrar 12. nóvember 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. nóvember sl., hefur ríkissaksóknari höfðað hér fyrir sakadómi Akureyrar með sex ákærum, út gefnum 12. apríl 1991, 6. maí 1991, 18. júní 1991, 20. júní 1991, 5. júlí 1991 og 9. ágúst 1991, á hendur Jóhanni Ragnari Sigurðssyni, Kaldbaksgötu 8, Akureyri, fæddum 19. desember 1970, fæðingarnúmer 495, Rúnari Ingva Eiríkssyni, Norðurgötu 58, Akureyri, fæddum 29. janúar 1968, fæðingarnúmer 309, Sveinbirni Sverrissyni, Fögrusíðu 13 A, Akureyri, fæddum 28. júní 1969, fæðingarnúmer 407, og Petru Sigríði Gunnarsdóttur, Álfaskeiði 40,

Hafnarfirði, nú til heimilis að Hjallalundi 9 E, Akureyri, fæddri 18. ágúst 1973, fæðingarnúmer 562:

A.

Á hendur ákærða Sveinbirni „fyrir skjalafals með því að hafa um mánaðamótin október/nóvember 1990 selt í verslun Hagkaupa, Norðurgötu 62, Akureyri, tékka, að fjárhæð 2.500 kr., gefinn út af Jónasi Marinóssyni á eyðublað nr. 430789 frá Sparisjóði Glæsibæjarhrepps, sem ákærði falsaði með framsalsárituninni Sveinbjörn Einarsson, kt. 230669-4869.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

B.

„Fyrir eftirgreind brot á almennum hegningarlögum á árinu 1991:

I. Ákærðu Jóhanni Ragnari og Rúnari Ingva er gefið að sök:

1. að hafa aðfaranótt föstudagsins 18. janúar brotist inn í húsnæði fyrirtækisins Rúmfatalagersins, Óseyri 4, Akureyri, og stolið 32.000 krónum,

2. aðfaranótt fimmtudagsins 14. febrúar brotist inn í barnaheimilið Sælu-kot, Þorragötu 1, Reykjavík, og stolið fimm tékkheftum, útvarpstæki, leifturljósi og tékka, að fjárhæð 18.000 kr.,

3. sunnudaginn 3. mars brotist inn í Setbergsskóla, Hlíðarbergi, Hafnarfirði, og stolið myndbandstæki, myndbandsupptökuvél, ljósmyndavél, aðdráttarlinsu, leifturljósi, tveimur töskum og um 20.000 krónum,

4. aðfaranótt föstudagsins 8. mars brotist inn í Varmárskóla í Mosfellsbæ, unnið þar spjöll við leit að fjármunum og stolið um 50.000 krónum, tveimur tékkheftum, myndbandsupptökuvél,

5. aðfaranótt sunnudagsins 10. mars brotist inn í húsnæði skipasmíðastöðvarinnar Varar hf., Óseyri 16, Akureyri, unnið þar spjöll við leit að peningum og stolið tveimur tékkheftum og um 20.000 krónum,

6. aðfaranótt miðvikudagsins 13. mars brotist inn í húsnæði fyrirtækjanna Plastiðjunnar Bjargs, Sjálfsbjargar og Akopokans á Akureyri, unnið þar mikil spjöll í leit að fjármunum og stolið 39.954 krónum í húsnæði Sjálfsbjargar,

7. aðfaranótt föstudagsins 15. mars 1991 brotist inn í verslunina Svarf-dæla á Dalvík, brotið þar upp hurðir og fjóra afgreiðslukassa og stolið um 70.000 krónum, tvennum leðurhönskum og fimm vindlingapökkum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

8. Í framhaldi af innbrotinu samkvæmt ákærulið I.2 staðið saman að því að nota í staðgreiðsluviðskiptum eftirgreinda tékka, sem þeir skiptust á að gefa út til handhafa í eigin nafni á eyðublað úr tékkheftum frá Bún-aðarbanka Íslands, Reykjavík, sem þeir höfðu komist yfir í innbrotinu, án

þess að eiga innstæðu fyrir andvirði tékkanna, sem ákærðu deildu með sér.

A. Tékkar frá Melaútibúi Búnaðarbankans, gefnir út af ákærða Rúnari Ingva á reikning nr. 4114:

1) Tékki nr. 1524552, 5.000 kr., dagsettur 14.2.1991. Seldur í versluninni Eden, Hveragerði.

2) Nr. 1524554, 5.000 kr., dagsettur 14.2.1991. Seldur í versluninni Felli, Þverholti, Mosfellsbæ.

3) Nr. 1524555, 3.000 kr., dagsettur 14.2.1991. Seldur í bensínafgreiðslu Olís hf., Brúarlandi, Mosfellsbæ.

4) Nr. 1524556, 1.000 kr., dagsettur 14.2.1991. Seldur í söluturni að Langholtsvegi 68, Reykjavík.

5) Nr. 1524558, 6.000 kr., dagsettur 15.2.1991. Seldur á Hótel Akranesi, Akranesi.

6) Nr. 1524562, 5.350 kr., dagsettur 15.2.1991. Seldur í skóversluninni Staðarfelli, Akranesi.

7) Nr. 1524623, 10.000 kr., dagsettur 15.2.1991. Seldur í versluninni Drangey, Kirkjubraut 14, Akranesi.

8) Nr. 1524565, 5.000 kr., dagsettur 16.2.1991. Seldur í verslun Hagkaupa á Akureyri.

9) Nr. 1524568, 5.000 kr., dagsettur 16.2.1991. Seldur á veitingastaðnum Viðigerði, Viðidal, Vestur-Húnavatnssýslu.

10) Nr. 1524571, 5.000 kr., dagsettur 16.2.1991. Seldur í veitingastofunni Pyrli í Hvalfirði.

11) Nr. 1524551, 6.000 kr., dagsettur 14.2.1991. Seldur á einni bensínafgreiðslu Skeljungs hf., Reykjavík.

12) Nr. 1524559, 4.000 kr., dagsettur 15.2.1991. Seldur á Hótel Borgarnesi.

13) Nr. 1524560, 10.000 kr., dagsettur 15.2.1991. Seldur á Hótel Borgarnesi.

14) Nr. 1524561, 7.000 kr., dagsettur 15.2.1991. Seldur á Hótel Borgarnesi.

15) Nr. 1524567, 5.000 kr., dagsettur 16.2.1991. Seldur í bensínafgreiðslu Kaupfélags Húnavetninga á Blönduósi.

16) Nr. 1524570, 6.000 kr., dagsettur 16.2.1991. Óvíst, hvar tékkinn var seldur.

B. Tékkar frá Miðbæjarútibúi Búnaðarbankans, gefnir út af Jóhanni Ragnari á reikning nr. 3058:

17) Nr. 675210, 5.000 kr., dagsettur 14.2.1991. Seldur í versluninni Felli, Mosfellsbæ.

18) Nr. 675211, 5.300 kr., dagsettur 16.2.1991. Seldur í bensínafgreiðslu Skeljungs hf. við Hörgárbraut á Akureyri.

19) Nr. 675212, 3.000 kr., dagsettur 15.2.1991. Seldur í bensínafgreiðslu Skeljungs hf. í Borgarnesi.

20) Nr. 675213, 10.000 kr., dagsettur 15.2.1991. Seldur í versluninni Drangey, Akranesi.

21) Nr. 675214, 5.400 kr., dagsettur 15.2.1991. Seldur í skóversluninni Staðarfelli á Akranesi.

22) Nr. 675216, 5.000 kr., dagsettur 15.2.1991. Seldur í bensínafgreiðslu Skeljungs við Hörgárbraut á Akureyri.

23) Nr. 675217, 1.600 kr., dagsettur 15.2.1991. Seldur í Dalakofanum, Lyngholti 20, Akureyri.

24) Nr. 675218, 3.000 kr., dagsettur 16.2.1991. Seldur á Hótel KEA, Hafnarstræti 28, Akureyri.

25) Nr. 675225, 10.000 kr., dagsettur 16.2.1991. Seldur í veitingastofunni Þyrli í Hvalfirði.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

9. Í febrúar staðið saman að því að nota sem greiðslu í bifreiðaviðskiptum á Aðalbílasölunni við Miklatorg í Reykjavík skuldabréf, að fjárhæð 340.000 kr., út gefið af ákærða Jóhanni Ragnari 6. febrúar 1991, sem ákærðu höfðu falsað með því að rita á bréfið nöfn tilgreindra ábyrgðarmanna, þeirra Björns Bjarnasonar, kt. 070753-324, og Bjarna Stefánssonar, kt. 090641-395.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

II. Ákærðu Jóhanni Ragnari, Rúnari Ingva og Sveinbirni er gefið að sök:

1. að hafa aðfaranótt sunnudagsins 24. febrúar brotist í þjófnaðarskyni inn í Kópavogskirkju, en horfið af vettvangi eftir árangurslausa leit að peningum,

2. síðastgreinda nótt brotist í þjófnaðarskyni inn í Fossvogskirkju í Reykjavík og leitað þar peninga án árangurs,

3. síðastgreinda nótt brotist inn í Heyrnleysingjaskólann við Vesturhlíð í Reykjavík og stolið um 45.000 krónum og tveimur myndavélum.

III. Ákærðu er öllum gefið að sök:

1. að hafa aðfaranótt miðvikudagsins 27. febrúar brotist inn í Sjólastöðina hf., Óseyrarbraut 5-7, Hafnarfirði, unnið þar mikil spjöll í leit að fjármunum og stolið um 1.000 krónum og tveimur tékkheftum,

2. síðastgreinda nótt brotist inn í söluturn að Miðvangi 41, Hafnarfirði, og stolið 10-20 vindlingalengjum, 10 vindlapökkum, sælgæti og um 5.000 krónum,.

3. brotist sömu nótt inn í Varmárskóla, Mosfellsbæ, brotið þar upp dyr og stolið 32.665 krónum.

Telst háttsemin samkvæmt ákæruliðum II og III varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og samkvæmt lið II 2 jafnframt, sbr. 20. gr. sömu laga“.

C.

Á hendur ákærða Jóhanni Ragnari fyrir eftirtalin brot:

„I. Aðfaranótt sunnudagsins 17. febrúar 1991, sviptur ökuréttindum, ekið bifreiðinni Y-14418 frá Reykjavík til Keflavíkur og þaðan til Sandgerðis og til baka áleiðis til Keflavíkur og við aksturinn neytt hassefnis ásamt nafngreindum félögum sínum, en lögreglan stöðvaði akstur ákærða á Reykjanesbraut á Miðnesheiði.

Telst þetta varða við 4. mgr. 44. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, og 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 13, 1985, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16, 1986.

II. Aðfaranótt laugardagsins 2. mars 1991, sviptur ökuréttindum, ekið bifreiðinni Y-14418 frá Austurbergi í Reykjavík um götur í borginni, uns lögreglan stöðvaði akstur hans á Laufásvegi.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 100. gr. umferðarlaga.“

D.

Á hendur ákærðu Jóhanni Ragnari og Rúnari Ingva:

„Fyrir tékkasvik með því að hafa í febrúar 1991 gefið út og notað saman eftirtalda fjóra tékka á stolnum eyðublöðum úr tékkhefti frá Búnaðarbanka Íslands, Miðbæjarútibúi, en ákærði Rúnar Ingvi gaf út hinn fyrsttalda og notaði reikningsnúmerið 4114 og ákærði Jóhann Ragnar hina þrjá með reikningsnúmeri 3058. Tékkarnir eru allir til handhafa, dagsettir 16/2 1991:

1-2. Nr. 1524567, 5.000 kr., og nr. 0675220, 5.000 kr. Báðir notaðir í söluskála Esso á Blönduósi.

3. Nr. 0675222, 12.000 kr. Notaður í kjörbúð Kaupfélags Vestur-Húnavetninga, Hvammstanga.

4. Nr. 0675223, 10.000 kr. Notaður í Staðarskála, Hrútafirði.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.“

Á hendur ákærða Rúnari Ingva:

„Fyrir að aka að kvöldi þriðjudagsins 5. mars 1991, sviptur ökuréttindum ævilangt, bifreiðinni Y-14418 frá Umferðarmiðstöðinni við Vatnsmýrarveg 10 í Reykjavík um götur í borginni að Hraunbergi 4, þar sem lögreglan hafði afskipti af honum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.“

F.

Á hendur ákærða Sveinbirni:

„Fyrir eftirgreind brot á almennum hegningarlögum, framin í maí 1991:

1. fyrir að hafa um miðjan maí stolið peningatösku með um 30.000 krónum úr bifreiðinni KK-870 við Glerárgötu 20 á Akureyri,

2. í byrjun maí brotist inn í Heyrnleysingjaskólann við Vesturhlíð í Reykjavík og stolið um 30.000 krónum og skjalatösku með seðlaveski og fleira.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

3. Í framhaldi af innbrotinu samkvæmt ákærulið 2 notað í staðgreiðsluviðskiptum eftirgreinda tékka, sem hann gaf út í eigin nafni til handhafa á eyðublöð úr tékkhefti frá Búnaðarbanka Íslands á Akureyri, sem hann hafði stolið án þess að eiga innstæðu fyrir andvirði þeirra:

1) Tékki nr. 6179424, 10.000 kr., dagsettur 10.5.1991. Seldur í versluninni Báru, Grindavík.

2) Nr. 6179423, 10.000 kr., dagsettur 10.5.1991. Seldur á veitingastaðnum Hafurbirni, Grindavík.

3) Nr. 6179416, 3.000 kr., dagsettur 8.5.1991, með framsalsstimpli Hótel Loftleiða, Reykjavík.

4) Nr. 6179417, 3.000 kr., dagsettur 8.5.1991. Seldur á Blús-barnum, Laugavegi 73, Reykjavík.

5) Nr. 6179425, 10.000 kr., dagsettur 10.5.1991. Seldur á veitingastaðnum Púlsinum, Reykjavík.

6) Nr. 6179414, 10.000 kr., dagsettur 8.5.1991. Seldur í söluskála Brautar sf., Grindavík.

7) Nr. 6179422, 10.000 kr., dagsettur 10.5.1991. Seldur í sjómannastofunni Vör, Grindavík.

8) Nr. 6179418, 3.000 kr., dagsettur 8.5.1991. Seldur í Bifreiðastöð Íslands, Vatnsmýrarvegi 10, Reykjavík.

9) 6179420, 4.000 kr., dagsettur 8.5.1991. Seldur í Múlakaffi, Reykjavík.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.“

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu skaða-

bóta og alls sakarkostnaðar og ákærði Jóhann Ragnar til sviptingar réttar til að aka vélknúnu ökutæki skv. 101. gr. umferðarlaganna.

Ákærðu hafa öll hér fyrir dóminum játað brot sín, eins og þeim er í ákærum lýst og að framan er rakið. Játning þeirra er í samræmi við framburð þeirra fyrir lögreglu og önnur gögn málsins.

Þykja brot þeirra því nægjanlega sönnuð, og varða þau við lagagreinar þær, er tilgreindar eru í ákærunum.

Ákærði Rúnar Ingvi hefur sætt refsingum sem hér segir:

- 1985 14/11 Gullbringus./Keflavík. Sátt: 10.000 kr. sekt f. brot g. 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umfl. Svíptur ökuleyfi 12 mán. frá 24.9.'85.
- 1986 10/11 Gullbringus./Keflavík. Sátt: 12.000 kr. sekt f. brot g. 1. mgr. 27. gr. umfl.
- 1987 20/1 Gullbringus./Keflavík. Sátt: 1.500 kr. sekt f. brot g. 248. gr. alm. hgl.
- 1988 27/1 Gullbringus./Keflavík. Dómur: 40.000 kr. sekt f. brot g. 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. umfl. Svíptur ökul. 18 mán. frá 24.9.'86.
- 1989 22/11 Eyjafjarðars./Aey. Dómur: Varðhald 30 daga, skb. 3 ár, 90.000 kr. sekt f. brot g. 1. mgr. 259. gr. alm. hgl., 2., sbr. 3. mgr. 45. og 1. mgr. 48. gr. umfl. Svíptur ökul. ævilangt frá 11.8.'89.
- 1990 21/6 Fíkniefnadómur Nr. 3834 Sátt: 24.000 kr. sekt f. brot g. l. nr. 65, 1974, um áv. og fíkn. og rg. nr. 16, 1986.
- 1991 10/4 Eyjafjarðars./Aey. Dómur: Fangelsi 2 mán. f. brot g. 244. gr. alm. hgl.
- 1991 24/5 Eyjafjarðars./Aey. Sátt: 25.000 kr. sekt f. brot g. 48. gr. umfl.
- 1991 11/6 Eyjafjarðars./Aey. Sátt: 5.000 kr. sekt f. brot g. 1. mgr. 257. gr. alm. hgl.

Ákærði Sveinbjörn hefur sætt refsingum sem hér segir:

- Nr. 68 Ákærufrestun skb. 2 ár frá 5.9.'85 f. brot g. 244. og 1. mgr. 259. gr. alm. hgl.
- 1985 3/10 Eyjafjarðars./Aey. Sátt: 12.000 kr. sekt f. brot g. 2., sbr. 4. mgr. 25. og 1. mgr. 27. gr. umfl. Svíptur rétti til að öðlast ökuleyfi 12 mán. frá 3.10.'85.
- 1985 17/12 Eyjafjarðars./Aey. Dómur: Ákvörðun refsingar frestað skb. 2 ár f. brot g. 244., 1. mgr. 259. gr. alm. hgl. og 1. mgr. 27. gr. umfl.
- 1986 25/9 Dómur Hæstaréttar í ofangreindu máli: Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

- 1986 18/12 Eyjafjarðars./Aey. Dómur: Fangelsi 2 mán., skb. 2 ár, f. brot g. 244. og 244., sbr. 20. gr. alm. hgl.
- 1989 6/9 Eyjafjarðars./Aey. Sátt: 40.000 kr. sekt f. brot g. 1. mgr. 259. gr. alm. hgl., 1. mgr. 4. og 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. umfl. Svíptur ökul. 12 mán. frá 6.9.'89.
- 1990 21/6 Fikniefnadómur. Nr. 3833. Sátt: 18.000 kr. sekt f. brot g. 1. nr. 65, 1974, um áv. og fíkn. og rg. nr. 16, 1986.
- 1991 25/3 Eyjafjarðars./Aey. Sátt: 10.000 kr. sekt f. brot g. 21. gr. áfl.
- 1991 10/4 Eyjafjarðars./Aey. Dómur: Fangelsi 2 mán. f. brot g. 244. gr. alm. hgl.

Ákærði Jóhann Ragnar hefur sætt refsingum sem hér segir:

- 1988 8/6 Eyjafjarðars./Aey. Sátt: 10.000 kr. sekt f. brot g. 1. mgr. 4., 2. mgr. 10., 1. og 2. mgr. 44. gr. umfl. Svíptur ökul. 1 mán. frá 8.6.'88.
- 1990 7/9 Eyjafjarðars./Aey. Sátt: 20.000 kr. sekt f. brot g. 1., sbr. 2. mgr. 45. gr. umfl. Svíptur ökul. 6 mán. frá 7.9.'90.
- 1990 21/9 Eyjafjarðars./Aey. Dómur: Fangelsi 4 mán., skb. 2 ár, f. brot g. 1. mgr. 155. og 248. gr. alm. hgl.
- 1990 28/11 Eyjafjarðars./Aey. Sátt: 25.000 kr. sekt f. brot g. 48. gr. umfl.
- 1991 25/3 Eyjafjarðars./Aey. Sátt: 25.000 kr. sekt f. brot g. 48. gr. umfl.

Auk framangreinds hlaut ákærði Jóhann Ragnar fimm mánaða fangelsi, þar af þrír mánuðir skilorðsbundnir í tvö ár, fyrir brot á 244. gr. alm. hgl. með dómi sakadóms Akureyrar, upp kveðnum 10. apríl 1991.

Ákærða Petra Sigríður hefur sætt refsingum sem hér segir:

- Nr. 28 Ákærufrestun skb. 2 ár frá 25.1.'90 f. brot g. 244. gr. alm. hgl.
- 1990 21/6 Fikniefnadómur. Nr. 3837. Sátt: 18.000 kr. sekt f. brot g. 1. nr. 65, 1974, um áv. og fíkn. og rg. nr. 16, 1986.

Refsing ákærða Rúnars Ingva þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 10 mánuði.

Refsing ákærða Sveinbjörns þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði.

Refsing ákærða Jóhanns Ragnars ber að ákvarða skv. 60. gr. alm. hgl., og þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi í 10 mánuði.

Refsing ákærðu, Petru Sigríðar, þykir hæfilega ákveðin 30 daga fangelsi, en rétt er, að fullnustu refsingar verði frestað og hún falli niður að tveimur árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. alm. hgl. nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Í málinu hafa verið lagðar fram um það bil 50 skaðabótakröfur frá ýms-

um aðilum á hendur ákærðu, ýmist hverju fyrir sig eða fleirum saman, og er kröfur þessar að finna hér og þar í gögnum málsins. Þykir skýring á kröfum þessum vera til verulegs óhagræðis í málinu og því rétt að vísa þeim frá með vísan til 145. gr. laga nr. 74, 1974.

Að lokum ber að dæma ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ. á m. málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Björns Jósefs Arnviðarsonar héraðsdómslögmanns, 50.000 kr., auk virðisaukaskatts, þannig: Ákærða Petra greiði 1/10 hluta málskostnaðar, 9/10 hluta hans greiði ákærðu Rúnar Ingvi, Sveinbjörn Sverrisson og Jóhann Ragnar að jöfnum hlutum.

Dóm þennan kvað upp Freyr Ófeigsson héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Ákærði Rúnar Ingvi Eiríksson sæti fangelsi í 10 mánuði.

Ákærði Sveinbjörn Sverrisson sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði Jóhann Ragnar Sigurðsson sæti fangelsi í 10 mánuði.

Ákærði Jóhann Ragnar er sviptur rétti til að stjórna vélknúnu farartæki í þrjú ár.

Ákærða, Petra Sigríður Gunnarsdóttir, sæti fangelsi í 30 daga, en fullnustu refsingar skal fresta og hún falla niður að tveimur árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. alm. hgl. nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Skadabótakröfum er vísað frá dómi.

Ákærðu greiði allan kostnað sakarinnar, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björns J. Arnviðarsonar héraðsdómslögmanns, 50.000 kr., að viðbættum virðisaukaskatti, þannig: Ákærða, Petra Sigríður, að 1/10 hluta, en aðrir hinna ákærðu að 3/10 hlutum hver.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.